

Get ég aðstoðað?

Landsfundur Upplýsingar 2023

Höfundar: Árdís Ármannsdóttir og Tinna Lind Guðjónsdóttir

Landsfundur Upplýsingar 2023 var haldinn í Haukaheimilinu Ásvöllum í Hafnarfirði dagana 21. og 22. september 2023. Yfirskrift fundarins var: Get ég aðstoðað? Þjónusta og uppbygging bókasafna í nútímasamfélagi og voru gestir um tvö hundrað talsins víðsvegar að af landinu.

Lykilfyrirlesarar landsfundar voru þeir Jan Holmquist og Kenneth Korstad Langås. Dagskrá og framkvæmd fundarins voru í höndum Bókasafns Hafnarfjarðar og Bókasafns Garðabæjar. Nefndina skipuðu Sigrún Guðnadóttir formaður, Margrét Sigurgeirsdóttir, Hugrún Margrét, Þorbjörg Bergmann, Unnur Möller, Gunnhildur Ægisdóttir og Sigríður Júlíana Sighvatsdóttir.



MYND 1: LANDSFUNDARNEFND 2023

Bókasafnsþjónusta er hverju samfélagi mikilvæg

Erindin sem flutt voru á fundinum voru fjölbreytt og fróðleg. Jan Holmquist fjallaði um aðlögun að breytingum og umbreytingu bókasafnsþjónustu fyrir nútímasamfélag. Kenneth Korstad Langås ræddi mikilvægi bókasafna í erindi sínu og hvernig þau eru ákveðið bjargráð nærsamfélagsins. Hjónin Agnes og Elias Våhlund, barnabókahöfundur og teiknari, stigu einnig á svið og fjölluðu um bókaröðina sína Handbók fyrir ofurhetjur sem nær sannað er að hafa breytt lífi barna. Þau ræddu hugmyndir sínar og ferlið bak við bókaskrifin, en bókaröðin er mjög vinsæl á Íslandi.



MYND 2: AGNES OG ELIAS VÅHLUND SEGJA FRÁ BÓKARÖÐ SINNI HANDBÓK FYRIR OFURHETJUR

Hugrún Margrét deildarstjóri barnadeildar á Bókasafni Hafnarfjarðar fjallaði um ríka áherslu safnsins á fjölmenningu og þjónustu án aðgreiningar fyrir alla og Guðrún Ragna Yngvadóttir frá Ask arkitektar kynnti nýjar og spennandi hugmyndir að nýju bókasafni í Hafnarfirði á nýjum stað við Fjörð verslunarmiðstöð.

Svanhvít Sif Th. Sigurðardóttir frá Tækniskólanum fjallaði um framtíð framhaldsskólabókasafna og Sveinn Waage fjallaði um mikilvægi húmors. Fulltrúi frá Nexus sagði gestum frá vinsældum bókadeildarinnar í versluninni.

Bjartey Sigurðardóttir, talmeinafræðingur og verkefnastjóri verkefnisins Lestur er lífsins leikur, og barnabókahöfundurinn Bergrún Íris Sævarsdóttir sögðu frá læsispennandi lestrarverkefninu LÆK sem unnið er í samstarfi miðdeilda og unglingadeilda allra grunnskóla Hafnarfjarðar við þau Bergrúnu Írisi og Gunnar Helgason.

Eyrún Eva Haraldsdóttir, sérfræðingur í miðlanotkun barna og ungmenna hjá SAFT (Samfélag, fjölskylda og tækni) – Af hverju ætti ég að leita á bókasafni ef ég get fundið þetta á TikTok: raunveruleiki nútímabarna í heimi upplýsingaóreiðu og falsfrétta. Hvernig getum við hjálpað?

Sandra Björg Ernudóttir bókasafnsfræðingur í Skarðshlíðarskóla fjallaði svo um verkefnið Bókabrall sem er samstarfsverkefni allra skólabókasafnanna í Hafnarfirði. Söfnin eru nú talsins og starfar einn bókasafnsfræðingur á hverju safni. Þessir hópur starfsmanna



MYND 3: EFTIR ERINDIN VAR TEKID VIÐ FYRIRSPURNUM ÚR SAL

Hafnarfjarðarbæjar hefur tekið lestrarverkefnið Lestur er lífsins leikur alla leið og fært með fjölbreyttum hætti og öðruvísi nálgun ævintýri bóka og lesturs á borð barna og ungmenna í Hafnarfirði. Lestur er sannarlega lífsins leikur!

Síðustu erindi landsfundar voru frá fulltrúum frá Landskerfi Bókasafna og Landsbókasafn Íslands.

Í lok fyrri dagsins var haldinn hátíðarkvöldverður í Sjólandi í Garðabæ. Metnaðarfullri dagskrá landsfundar Upplýsingar 2023 lauk svo með sögugöngu um Hafnarfjörð þar sem gengið var frá Byggðasafni Hafnarfjarðar undir leiðsögn Björns Péturssonar bæjarminjavarðar.



MYND 4: GESTIR Á LANDSFUNDI UPPLÝSINGAR HAUSTIÐ 2023